

## GJALDSKRÁ

### um meðhöndlun úrgangs á svæði Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs.

#### 1. gr.

##### Heimild.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Sorphirðugjald og sorpeyðingargjald innheimtast með álögðum fasteignagjöldum ár hvert. Gjöld skv. 2.–4. gr. taka breytingum skv. vísitölu neysluverðs til verðtryggingar í upphafi hvers árs.

#### 2. gr.

##### Sorphirðugjald.

Innheimta skal sorphirðugjald af öllu íbúðarhúsnæði skv. eftirfarandi álagsgrunni.

Ílátastærð	Grátunna	Blátunna	Græntunna	Lífræn tunna
240 l ílát	17.000 kr.	5.700 kr.	5.700 kr.	5.700 kr.
660 l ílát	50.800 kr.	17.000 kr.	17.000 kr.	
140 l ílát	9.900 kr.			3.300 kr.

Sorphirðugjald fyrir grunneiningu íláta er 28.400 kr. og inniheldur 240 l blátunnu, 240 l grátunnu, 240 l græntunnu og brúnt ílát í tunnu fyrir lífrænan úrgang. Hægt er að fá fleiri og/eða stærri ílát.

#### 3. gr.

##### Sorpeyðingargjald.

Innheimta skal sorpeyðingargjald 30.500 kr. af öllu húsnæði í Rangárvallasýslu, þ.e. íbúðar-, frístunda- og atvinnuhúsnæði. Sorpeyðingargjald tekur til reksturs sorpkerfisins, s.s. rekstur grenndarstöðva, móttökustöðvar og förgunar- og endurvinnsluleiða. Greiðsla þess veitir viðkomandi aðilum aðgengi að sorpkerfinu og afsetningu á heimilisúrgangi. Rekstraraðilar sem afsetja rekstrarúrgang á móttökustöðinni Strönd vegna atvinnureksturs skulu greiða fyrir það, sjá 4. gr. Gjaldtaka á Strönd er ekki hluti af sorpeyðingargjaldi sveitarfélagsins.

#### 4. gr.

##### Gjaldtaka á móttökustöð.

Gjaldtaka á móttökustöð miðast við þyngd og tegund úrgangsmagns sem afsett er.

Úrgangstegund	kr./kg án vsk	kr./kg með vsk	Gjaldskyldir
Blandaður heimilisúrgangur	55,00	68,00	Fyrirtæki/einstakl.
Grófur úrgangur - pressanlegur	72,50	90,00	Fyrirtæki/einstakl.
Grófur úrgangur til flokkunar	85,00	105,00	Fyrirtæki/einstakl.
Harðplast með úrvinnslugjaldi (s.s. brúsar, fötur)	5,50	7,00	Fyrirtæki/einstakl.
Heimilisplast	5,50	7,00	Fyrirtæki
Blandaður pappír/pappi	18,00	22,00	Fyrirtæki
Bylgjupappír	5,50	7,00	Fyrirtæki
Timbur, hreint	15,00	19,00	Fyrirtæki/einstakl.
Timbur, litað	25,00	31,00	Fyrirtæki/einstakl.
Garðaúrgangur, trjábolir, greinar og jarðvegur	5,00	6,00	Fyrirtæki
Óvirkur úrgangur (gler, flísar, postulín o.fl.)	15,00	19,00	Fyrirtæki/einstakl.
Dýraleifar	40,00	50,00	Fyrirtæki/einstakl.
Lífrænn heimilisúrgangur	27,00	33,00	Fyrirtæki

Heyrúlluplast, áburðarpokar – hreint		0	
Hjólbarðar		0	
Málmar		0	
Spilliefni, raftæki		0	
Heimsendur gámur, flokkaður – 40.000 kr. m. vsk.			Einstakl.

Heimilt að leggja á lágmarksgjald fyrir eðlislétt sorp (t.d. einangrunarplast) kr. 1.200 m<sup>3</sup>.

Heimilt er að innheimta útlagðan förgunarkostnað sem hlýst af móttöku spilliefna.

Heimilt er að leggja 10.000 kr. gjald á aðila er verða uppvísir að losun úrgangs fyrir utan grenndar-gáma.

Ef óflokkað er í heimsendan gám skal greitt skv. þyngd innihaldsins. Heimsendir gámar eru einungis fyrir íbúa í Rangárvallasýslu.

Klippikort með 5 m<sup>3</sup> af gjaldskyldum úrgangi er í boði fyrir þá sem greiða sorpeyðingargjald.

5. gr.

*Samþykki og staðfesting.*

Gjaldskrá þessi var samþykkt á fundi stjórnar Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs., 11. nóvember 2024 og staðfest af sveitarstjórnnum þeirra sveitarfélaga sem reka Sorpstöð Rangárvallasýslu. Gjaldskráin gildir frá birtingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1340/2023.

*Strönd, 11. nóvember 2024.*

**Eggert Valur Guðmundsson,**  
formaður stjórnar Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs.

B-deild – Útgáfudagur: 11. desember 2024